

Vísuþotnar sem voru á meðal þeirra bestu á unglíngastígi

Meðan kvöldin líða löng
les ég mínar bækur.

**Árin líða ævilöng
eins og kaldur lækur.**

Óskar Jónsson, 10. bekk Lindaskóla Kópavogi

Meðan kvöldin líða löng
les ég mínar bækur.

**Í ævintýrin ávallt svöng,
ósköp saklaus kækur.**

Laufey Pálsdóttir, 10. bekk Lindaskóla Kópavogi

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.

**Set ég hann í sængurver,
svo fer ég í tíma.**

Strákar í 9. SG, Lindaskóla Kópavogi

Meðan kvöldin líða löng
les ég mínar bækur.

**Fötin eru frekar þröng,
fer í nýjar brækur.**

Evelyn Þóra Jósefsdóttir, 10. bekk Sunnulækjarskóla á Selfossi

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.

**Horfi ég í gegnum gler
góni fram í tíma.**

Ísak Magnússon, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.

**Skjárinn blautur, brotið gler
byrja ég að líma.**

Ylfa Sól Þorsteinsdóttir, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Er dagur kveður, kvöldað er
kæfð er morgunskíma.**

Halldór Ásgeir Gunnarsson, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Fúsi nú í fýlu er
farinn að grenja í tíma.**

Davíð Goði Jóhannsson, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Síðan vil ég borða ber
bráðum fer í tíma.**

Karen Hermannsdóttir, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Fatta síðan að ég er
að eyða mínum tíma.**

Monika Lárusdóttir, 8. bekk Foldaskóla í Reykjavík

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Ætla líka að leika mér
lengi við að ríma.**

María Elísabet Halldórsdóttir, 8. bekk Álfhólsskóla Kópavogi

Snemma ég á fætur fer
fletti mínum síma.
**Þolinmæðin á þrotum er,
þarf að fara í tíma.**

Eyrún Didziokas, 10. bekk, Álfhólsskóla Kópavogi

Meðan kvöldin líða löng
les ég mínar bækur.
**Heyri fagran sálmasöng
sumarblíðar nætur.**

Eyrún Didziokas, 10. Bekk, Álfhólsskóla Kópavogi